

## Gagnsæi í upplýsingagjöf Frjálsa lífeyrissjóðsins

Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er áhersla á gagnsæi og sífellt er stefnt að aukinni og betri upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

[Rekstrarsamningur](#) sjóðsins við rekstraraðilann Arion banka er á vefsíðu sjóðsins en þar er einnig að finna [framkvæmd hluthafastefnu sem sýnir hvernig sjóðurinn greiðir atkvæði á hlutafafundum skráðra félaga](#). Eftir efnahagshrunið 2008 var Frjálsi fyrsti sjóðurinn sem birti ársfjórðungslega [sundurliðun á einstökum fjárfestingum](#). Greinaskrif um starfsemi og fjárfestingar sjóðsins eru regluleg, nú síðast [umfjöllun um erlenda hlutabréfastýringu sjóðsins](#) og [framhaldsumfjöllun um sérhæfðar fjárfestingar sjóðsins](#).

Á vefsíðu Frjálsa undir [lykilupplýsingar](#) er að finna yfirlit um kostnað, viðskipti við verðbréfamiðlanir, veltu og fjárfestingar tengdar rekstraraðila.

### Kostnaður

Ávöxtunartölur eru uppfærðar mánaðarlega á vefsíðu sjóðsins en rétt er þó að hafa í huga að [langtímaávöxtun](#) eftir kostnað er sú stærð sem skiptir mestu máli fyrir sjóðfélaga til lengri tíma en ekki ávöxtun einstakra ára. [Landssamtök lífeyrissjóða](#) birta samanburð á ávöxtun allra lífeyrissjóða til 5 og 10 ára. Kostnaður við starfsemi sjóðsins er skipt í rekstrarkostnað og bein fjárfestingargjöld, sem heyra undir beinan kostnað, og áætluð fjárfestingargjöld, sem heyra undir óbeinan kostnað. Undir rekstrarkostnað er fært 60% af umsýsluþóknun til Arion banka, launakostnaður, lögbundin gjöld o.s.frv. Undir bein fjárfestingargjöld er færð vörsluþóknun, kostnaður vegna verðbréfavíðskipta og 40% af umsýsluþóknuninni. Áætluð fjárfestingargjöld endurspeglar kostnað við rekstur sjóða sem lífeyrissjóðurinn fjárfestir í hjá sjóðastýringafyrirtækjum. Yfirlit beins og óbeins kostnaðar Frjálsa er að finna á [lykilupplýsingasíðu](#) á vefsíðu sjóðsins.

### Viðskipti við verðbréfamiðlanir

Í verðbréfavíðskiptum Frjálsa er farið eftir stefnu um bestu framkvæmd viðskipta (e. Best execution) með það að markmiði að tryggja að bestu kjara sé ætíð leitað fyrir hönd sjóðsins. Opið er fyrir viðskipti við allar verðbréfamiðlanir landsins en [upplýsingar um viðskipti við miðlanir](#) eru birtar vefsíðu.

### Velta

Frjálsi er ungur sjóður á íslenskan mælikvarða þar sem fjöldi greiðandi sjóðfélaga og iðgjöld eru hlutfallslega há. Iðgjöldum er ráðstafað í fjárfestingar, breytingar á fjárfestingarstefnu og eignasöfnum fela í sér veltu. Ekki þarf þó að greiða þóknunir fyrir alla veltu. Við kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum í sjóðum hjá sjóðstýringarfélagum þarf Frjálsi yfirleitt ekki að greiða þóknunir. Á vefsíðu eru birtar upplýsingar um [veltutölur sjóðsins](#), sundurliðað eftir því hvort þær feli í sér þóknunir eða ekki, ásamt heildarfjárhæð þóknana.

### Fjárfestingar tengdar rekstraraðila

Frjálsi veitir í dag eignastýringu Arion umboð til að eiga viðskipti fyrir hönd sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu setta af stjórn sjóðsins. Arion ber af þeim sökum margþætta ábyrgð í starfi sínu fyrir hönd Frjálsa. Til viðbótar við eignastýringu rekur Arion fjölþætta fjármálastarfsemi og vegna hættu á hagsmunarárekstrum er mikilvægt að gera ráðstafanir svo þeir valdi Frjálsa ekki tjóni. Í því skyni upplýsir eignastýring Arion stjórn sjóðsins mánaðarlega um eignastöðu, viðskipti með verðbréf, svo og aðrar

afurðir tengdum bankanum og dótturfélögum. Á [vefsíðu sjóðsins](#) er árlega birt yfirlit sambærilegt því sem lagt er fyrir stjórn sjóðsins.

### **Mikilvægi upplýsingagjafar**

Upplýsingagjöf Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur tekið miklum framförum síðustu ár. Stefnt er að sömu vegferð til framtíðar og að auka gagnsæi enn frekar. Von Frjálsa er sú að þær upplýsingar sem sjóðurinn hefur birt síðustu ár hafi verið gagnlegar og upplýsandi fyrir núverandi og tilvonandi sjóðfélaga.